

Samráðsfundur leikskólastjóra, sviðstjóra o.fl. 14. september 2021 kl. 9:00 í Suðursal.

Mætt: Þorsteinn Hjartarson, Júlíana Tyrfingsdóttir, Birna Guðrún Jónsdóttir, Kristín Eiríksdóttir fundarstjóri, Jóhanna Þórhallsdóttir, Sigríður Birna Birgisdóttir, Krístrún Hafliðadóttir og Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Leikskólinn Goðheimar var formlega vígður 27. ágúst 2021.
2. Jóhanna Þórhallsdóttir sagði frá bréfi sem hún sendi vegna viðhalds á leikskólanum og í framhaldi af því hitti Óðinn Andreassen umsjónarmaður mannvirkja og þau fóru yfir verklag varðandi viðhald á leikskólunum. Einnig umræða um eftirlit heilbrigðiseftirlitsins og þeim finnst gott að koma á skipulagsdögum.
3. Rútur varðandi ferðir leikskólabarna. Leikskólastjórnendur sendu í vor á GTS og fengu tilboð en fengu reikning sem var mun hærri og er það í tengslum við samning sem sveitarfélagið hefur gert við fyrirtækið. Með þessum samningi hafa ferðir með leikskólabörn hækkað um allt að þriðjung. Ókostur að GTS geti ekki boðið upp á öryggistæki þ.e. bílstóla fyrir leikskólabörn.
4. Auðkenni í einkasíma starfsfólks í leikskóla. Sumir starfsmenn ósáttir við að þurfa að nota símana sína til að auðkenna sig t.d. í Völu og í Office365. Starfsfólk kallar eftir stefnu sveitarfélagsins varðandi þetta. Unnið er að reglum og verklagi hjá sveitarfélaginu varðandi þetta og það þarf að flýta þeirri vinnu.
5. Launakjör sambærilegra starfa í leikskóla/grunnskóla rædd. Jafna þarf launakjör milli þessara skólastiga og fara vel yfir starfslýsingar.
6. Matráðar í leikskólum og þeirra launakjör. Umræðum um hversu erfitt er að manna stöður matráða.
7. Skjalavistun, reikningagerð og viðvera úr Völnni. Eins og staðan er núna þarf að prenta út viðverulista fyrir hvert og eitt barna um áramót. Þegar barn hættir þarf að prenta út fyrir það frá síðustu áramótum. Reikningagerðina þarf einnig að prenta út. Æskilegt er að skil á skjölum til varðveislu verði meira í rafrænu formi.
8. Fáliðunarreglur í leikskólum. Þarf að fara yfir þær á vinnufundi leikskólastjóra og leggja þær í framhaldi fyrir fræðslunefnd.
9. Viðhald stofnanna, fá Atla Marel og Óðinn til að koma á fund með leikskólastjórnendum á Temas mánudaginn 20. september kl. 9.
10. Nám starfsfólks og vinnutímastytting rædd.
11. Reglur um leikskóla í Árborg, þarf að gera breytingar á þeim varðandi sumarlokanir fyrir næsta fund fræðslunefndar sem verður í október.
12. Leyfisblað vegna myndbirtinga og dvalarsamningur. Þarf að breyta leyfisblaðinu og gera það ítarlegra. Unnið í þessu í vinnuhóp leikskólastjórnenda. Spurning hvort hægt er að gera þetta rafrænt.
13. Fá Sigríði Magneu og Ólöfu Jónu á fund með leikskólastjórum og fara yfir rafrænar lausnir og H3.
14. Bréf frá talmeinafræðingum. Fagna því að skólar geti ráðið talmeinafræðinga til starfa.
15. Nýtt umsóknarblað vegna vistunartíma barna. Guðný spyr út í þetta á notendaráðsfundi vegna Völu.
16. Fulltrúi leikskólanna í Árborg í vinnuhóp velferðarverkefni Almannavarnarnefndar Árnessýslu. Birna Guðrún Jónsdóttir verður sá fulltrúi.
17. Styrkur til náms og samningar í tengslum við hann.
18. Biðlisti eftir leikskólalássum skoðaður.
19. Hjartans mál.

Fundi slitið kl. 11:30.

Sigríður Birna Birgisdóttir
Jóhanna Þórhallsdóttir
Kristín Eiríksdóttir
Þorsteinn Hjartarson

Kristín Eiríksdóttir
Birna Guðrún Jónsdóttir
Júlíana Tyrfingsdóttir
Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir